

Íslenska á miðstigi

Talað mál hlustun og áhorf

Við lok 4. bekkjar getur nemandi	Við lok 5. bekkjar getur nemandi:	Við lok 6. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Hvað á að gera/kenna?	Hvernig?
beitt skýrum og áheyrlægum framburði.	tjáð sig skýrt og áheyrléga.	tjáð sig skýrt og áheyrléga, með raddstyrk sem hæfir aðstæðum.	tjáð sig skýrt og áheyrléga og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar.	Flytja efni munnlega fyrir aðra. Þjálfar raddbeitingu og framsögn.	Setja upp fundi og kynningar í kennslustofunni, fyrir áheyrendur.
tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu.	tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi og tjái eigin tilfinningar.	tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyrenda, m.a. með aðstoð leikrænnar tjáningar.	tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyrenda, m.a. með aðstoð leikrænnar tjáningar.	Þjálfar nemendur markvisst í að segja frá, frá eigin brjósti. Og/eða setja sig í hlutverk annarra með leikrænum tilburðum.	Umræður í hópum og umræðufundir. Hlutverkaleikir, leikræn tjáning. Samþætting við t.d. samfélagsgreinar.
sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið.	endursagt efni þannig að aðrir skilji og lýst fyrirbæri sem lesið hefur verið um eða hlustað á.	Endursagt efni þannig að aðrir skilji og lýst fyrirbæri sem lesið hefur verið um eða hlustað á. Tekið þátt í samræðum og rökræðum.	tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum.	Kenna reglur sem gilda í rökræðum og á fundum s.s. að hlusta á aðra, tala til skiptis, halda sig við málefnið og færa rök fyrir skoðunum sínum.	Gefa næg tækifæri til samræðna og skoðanaskipta.
hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni.	hlustað og horft með athygli og skilið það sem fram fer og tengt það eigin þekkingu.	hlustað og horft með athygli og skilið það sem fram fer og greint frá aðalatriðum.	hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum.	Kenna þeim að hlusta á fyrirmæli, sögu eða frásögn og endursegja efnið og greina frá aðalatriðum.	Lesið framhaldssögu. Nýta hljóðbækur og hlustunarefni á vef. Ýmiss konar hlustunaræfingar, í hópum eða öllum bekknum.
nýtt sér og endursagt efni á rafrænu formi.	nýtt sér og endursagt efni á rafrænu formi.	nýtt sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýnni hátt.	nýtt sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýnni hátt.	Kenna nemendum að mynda sér skoðun á því efni sem þau sjá og geta rætt um það við aðra.	Nýta hvers kyns myndefni og rafrænt efni í kennslunni og ræða það.

átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.	átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.	átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt kurteisi.	átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi.	Kenna góða samskiptahætti, tillitssemi og kurteisi s.s. að tala til skiptis, hlusta, hafa þögn þegar aðrir tala, særa ekki aðra með orðum.	Kenna uppeldi til ábyrgðar.
--	--	---	--	--	-----------------------------

Talað mál hlustun og áhorf	Kennslubækur og námsgögn
5. bekkur	Lestrarbækur, ljóðabækur og hljóðbækur, bækur af bókasafni. Myndir, myndbönd púlt, hljóðnemi.
6. bekkur	Lestrarbækur, ljóðabækur og hljóðbækur, bækur af bókasafni. Myndir, myndbönd púlt, hljóðnemi.
7. bekkur	Lestrarbækur, ljóðabækur og hljóðbækur, bækur af bókasafni. Myndir, myndbönd púlt, hljóðnemi.

Lestur og bókmenntir

Við lok 4. bekkjar getur nemandi	Við lok 5. bekkjar getur nemandi:	Við lok 6. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Hvað er kennt	Hvernig
beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa, þannig að lestur verði lipur og skýr.	Lesið texta við hæfi með góðum hraða og skilningi.	Lesið texta við hæfi með góðum hraða og skilningi og túlkað.	lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað.	Halda áfram að æfa greiðan lestur og lestrarhraða með þeim nemendum sem enn hafa ekki öðlast lestrarleikni. Jafnframt þarf að vinna með lesskilning.	Sérstakar hraða og leikniæfingar. Spurningar úr texta og lesskilningsvinna.
nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi.	nýtt góðan orðaforða við að skilja texta við hæfi og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi.	nýtt góðan orðaforða við að skilja texta við hæfi og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi.	notað þekkingu og reynslu ásamt ríkulegum orðaforða við lestur og skilning á texta.	Byggja upp orðaforða og málskilning.	Lesið fjölbreytta texta ræða efni þeirra og skýra hugtök.
tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess.	greint aðalatriði í texta og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta.	greint og fjallað um aðalatriði í texta og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta.	greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta.	Kenna nemendum að leita að afmörkuðum upplýsingum í texta.	Reyna að muna texta með því að skrifa hjá sér fáein orð. Semja spurningar úr texta sem hinir eiga að svara. Vinna markvisst með stutta texta og láta nemendur draga fram aðalatriði í stuttu máli og finna efnisorð fyrir hvert atriði.
valið sér lesefni eftir áhuga og þörf og lesið sögur, ljóð og fræðandi efni, sem hæfir lestrargetu, sér til ánægju og skilnings.	valið sér lesefni eftir áhuga og þörf og lesið sögur, ljóð og fræðandi efni, sem hæfir lestrargetu, sér til ánægju og skilnings, sagt öðrum frá texta sem hann hefur lesið.	lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir áliti sínu á því sem lesið er.	lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann.	kynna nemendum alls konar bókmenntir og texta, gefa þeim færi á að velja og þjálfast þá í að segja skoðun sína á lesefninu.	Skoðanaskipti, samræður og kynningar á því sem hver og einn var að lesa.
lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum.	lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð, og bókmenntir ætlaðar börnum.	lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð, og bókmenntir ætlaðar börnum og unglingum.	lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð, og bókmenntir ætlaðar börnum og unglingum.	Láta nemendur lesa, ræða og bera saman ólíkar gerðir bókmennta.	Velja fjölbreytta texta og fjalla markvisst um form og innihald.

beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap.	beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði, tíma, umhverfi og boðskap.	greint nokkur frásagnarform bókmennta og beitt fáeinum bókmenntafræðilegum hugtökum til að efla skilning, svo sem tíma, sjónarhorni, sögusviði og boðskap.	greint nokkur frásagnarform bókmennta og beitt fáeinum bókmenntafræðilegum hugtökum til að efla skilning, svo sem tíma, sjónarhorni, sögusviði og boðskap.	Kenna og útskýra bókmenntafræðileg hugtök þjálfar nemendur við að nota þessi hugtök við að greina texta.	Taka fyrir ólíka texta s.s. spennubækur, ævintýri, fornar sögur, sveitasögur, æviminningar, prakkarasögur o.s.frv. og greina og kynna fyrir hópnum.
beitt fáeinum algengum hugtökum í bragfræði svo sem rími, kvæði, vísu og ljóðlínu.	beitt fáeinum algengum hugtökum í bragfræði svo sem rími, kvæði, vísu og ljóðlínu og fjallað um form og innihald ljóða.	beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, hrynjandi, líkingar og boðskap.	beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, hrynjandi, líkingar og boðskap.	Kynna hugtök sem tengjast ljóðagerð. Kynna ólík form ljóðlistar.	Lesið ljóð og semja ljóð og nýta þekkingu sína á ólíkum formum.
aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum, svo sem bókum og á rafrænu formi.	aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum, svo sem bókum og á rafrænu formi og nýtt sér við lausn verkefna.	aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum, svo sem bókum og á rafrænu formi lagt mat á gildi þeirra og nýtt sér við lausn verkefna.	aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna, lagt nokkurt mat á gildi og trúverðugleika upplýsinga.	Kenna aðferðir við öflun heimilda.	Kenna notkun leitarvéla. Kynna upplýsingavefi og leitarvélar bókasafna.
lesið úr táknmyndum og myndrænu efni, svo sem einföldum skýringa-myndum, kortum og myndritum.	lesið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum.	lesið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlkað þær.	lesið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlkað þær.	Kynna ólík form á töflum og gröfum sem innhalda upplýsingar og kenna nemendum að lesa úr þeim.	Veita fjölbreytt tækifæri til að lesa úr töflum og gröfum og jafnframt að setja eigin upplýsingar fram í töflur eða á myndrænu formi.
valið bók eða annað lesefni og lesið sér til ánægju.	valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju.	valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju.		Veita nemendum hvatningu og aðhald til að lesa fjölbreytt efni.	Góður aðgangur að vel búnu bókasafni. Spurningakeppnir og annað slíkt sem hvetur til lestrar.

Lestur og bókmenntir	Kennslubækur og námsgögn
5. bekkur	Sögusteinn, Blákápa, Loftur og gullfuglarnir ásamt vinnubók. Annað efni valið af kennurum.
6. bekkur	Óskasteinn, Rauðkápa, Vanda málið, heildstætt námsefni í íslensku frá Skólavefnum. Annað námsefni valið af kennurum.
7. bekkur	Völusteinn, Grænkápa, Fólkið í blokkinni, Vanda málið, heildstætt námsefni í íslensku frá Skólavefnum. Annað námsefni valið af kennurum.

Ritun

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 5. bekkjar getur nemandi	Við lok 6 bekkjar getur nemandi	Við lok 7. bekkjar getur nemandi	Hvað á að kenna	Hvernig
dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega.	dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega og af öryggi.	skrifað læsilega og af öryggi beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur.	skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur.	Þjálfá skrift. Þjálfá skýra uppsetningu á handskrifuðum texta. Kenna uppsetningu texta í einföldum ritvinnsluforrit. Gæta að rétttri stafsetningu og kunna að fletta upp rithætti í orðabók eða nota prentvillupúka.	Ganga eftir því að nemendur setji verkefnin skipulega og læsilega upp jafnt handskrifuð sem tölvunnin.
nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi.	nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, svo sem upphaf, meginmál og niðurlag í sögum, frásögnum og lýsingum.	skipulagt og orðað texta, svo sem sögur, frásagnir, lýsingar og fyrirmæli.	valið textategund, skipulagt og orðað texta, svo sem sögur, frásagnir, lýsingar og fyrirmæli, á þann hátt sem hæfir tilefni.	Geta samið alls kyns texta og frásagnir samkvæmt ákveðnum fyrirmælum og sett upp á þann hátt sem hæfir innihaldi og tilefni.	Skrifa um ólík efni t.d. uppskriftir, leiðbeiningar, auglýsingar, náttúrulýsingar, minningu um atburð o.s.frv.
samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð.	samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð og tjá hugmyndir sínar og reynslu.	samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild í.	samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa.	Leiðbeina nemendum hvernig á að semja texta svo hann verði læsilegur öðrum og innihald hans ljóst.	Gefa nemendum sem verkefni að skrifa bréf, sögu og ljóð eða frásögn frá eigin brjósti og láta annan eða aðra lesa.
beitt einföldum stafsetningarreglum og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi.	beitt nokkrum stafsetningarreglum og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi.	beitt helstu atriðum stafsetningar og einföldum atriðum greinamerkjasetningar.	beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim.	Kenna helstu stafsetningarreglur og reglur um greinamerki.	Skrifa texta eftir fyrirmynd og eftir upplestri.
nýtt sér fyrirmyndir í ritun, svo sem af lestri bóka, blaða eða rafræns efnis.	nýtt sér fyrirmyndir í ritun, svo sem af lestri bóka, blaða eða rafræns efnis.	lesið texta og skoðað hann með það í huga að kanna hvernig höfundur skrifar og nýtt það við eigin ritun.	lesið texta og skoðað hann með það í huga að kanna hvernig höfundur skrifar og nýtt það við eigin ritun.	Fjalla um mismunandi ritstíl og sjónarhorn í frásögn.	Lesið texta með mismunandi ritstíl, vekja athygli á því sem er ólíkt, bera saman og ræða.

skrifað texta á tölvu og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu.	skrifað texta á tölvu og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu.	skrifað texta á tölvu og beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu, vísað til heimilda.	skrifað texta á tölvu og beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu, vísað til heimilda.	Kenna ritvinnslu. Kenna reglur um hvernig vísað er til heimilda.	Heimildaritgerð unnin í tölvu.
skrifað og leyft öðrum að njóta þess með upplestri höfundar eða lestri lesanda.	skrifað og leyft öðrum að njóta þess með upplestri höfundar eða lestri lesanda.	skrifað texta með ákveðinn lesanda í huga, á blað eða tölvu.	skrifað texta með ákveðinn lesanda í huga, á blað eða tölvu.	Kenna nemendum að orðfæri og innihald texta er ólíkt eftir því fyrir hvaða lesanda textinn er saminn. s.s. bréf til vinar eða annarra, o.fl.	Skrifa skilaboð, leiðarlýsingar, leiðbeiningar, sendibréf o.s.frv. með ákveðinn lesanda í huga.

Ritun	Kennslubækur og námsgögn
5. bekkur	Mál til komið, grunnbók og verkefnabók, Skinna 2, Stafsetning, Verkefni fyrir réttitunarorðabók, Græni blýanturinn, Skrift 5 og 6, Ítalíuskraft, gagnvirkar æfingar af náms.is og Skólavefnum. Beingrindur, Hugarkort.
6. bekkur	Mál í mótun, grunnbók og verkefnabók, Stafsetning, Blái blýanturinn, Ítalíuskraft, Skrift 6, Vanda málið. Ljósrit og verkefni af ýmsu tagi, gagnvirkar æfingar af náms.is og Skólavefnum. Beingrindur, Hugarkort.
7. bekkur	Mál er miðill ásamt verkefnabók, Vanda málið, Stafsetning, verkefni fyrir réttitunarorðabók, skrift 6. Ljósrit og verkefni af ýmsum toga, gagnvirkar æfingar af náms.is og Skólavefnum. Beinagrindur, Hugarkort.

Málfræði

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 5. bekkjar getur nemandi:	Við lok 6. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Hvað er kennt	Hvernig
beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ræður yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska.	beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ræður yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þrosk.	gert sér nokkra grein fyrir eigin máli og hefur skilning á gildi þess að bæta það.	beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ræður yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska.	Nemendum gerð grein fyrir því að aðrir mynda sér skoðun á fólki út frá málfari þess. Bera saman mismunandi málsnið og málfar.	Horfa á leikþætti og bíómyndir. Fara í hlutverkaleiki og æfa mismunandi málfar ólíkra persóna.
þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein.	þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein.	notað allríkulegan orðaforða í ræðu og riti, gert sér grein fyrir margræðni orða og nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun, tal og ritun.	þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein.	Kenna orðaforða með hlustun, lestri, samræðum og umræðum. Fjalla um orð og orðskýringar.	Lesið mikið, ræða saman, bera saman.
raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag.	raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag.	nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um mál.	raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag.	Kenna notkun orðabóka og gagnagrunna.	Sérstök orðabókarverkefni. Æfingar í notkun gagnagrunna.
gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða.	gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða.	áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra.	gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða.	Kenna málfræði. s.s. orðflokkgreiningu, fallbeygingu.	Margvíslegar æfingar í orðflokkgreiningu og málfræðipáttum.
leikið sér með ýmis einkenni tungumálsins, svo sem margræðni orða og fundið kyn og tölu.	leikið sér með ýmis einkenni tungumálsins, svo sem margræðni orða og fundið kyn og tölu.	notað orðtök og málshætti í töluðu máli og rituðu og greint notagildi þeirra í texta.	leikið sér með ýmis einkenni tungumálsins, svo sem margræðni orða og fundið kyn og tölu.	Kynna hugtökin orðflokkur og málsháttur og kynna dæmi.	Safna málsháttum og orðtökum, leita að þeim í texta, semja eigin texta þar sem þau eru notuð. Málsháttur eða orðtak vikunnar.
búið til málsgreinar og ráðið við að greina málsgreinar í eigin texta.	búið til málsgreinar og ráðið við að greina málsgreinar í eigin texta.	beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar og gert sér grein fyrir fjölbreytileika málsins.	búið til málsgreinar og ráðið við að greina málsgreinar í eigin texta.	Kynna hugtökin setning, málsgrein og efnisgrein.	Textagerð samkvæmt ákveðnum fyrirmælum s.s. um fjölda setninga, málsgreina og efnisgreina.

greint mun á samnöfnum og sérnöfnum og m.a. bent á þau í eigin texta.	gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða.	beitt þekkingu sinni á málfræðilegum hugtökum í umræðu um mál, ekki síst eigið mál, talað og ritað.	greint mun á samnöfnum og sérnöfnum og m.a. bent á þau í eigin texta.	Kenna nemendum að ræða og greina setningar og texta og nýta málfræðileg hugtök í samræðu.	Spinna sögu, hver segir eina setningu. Ræða um framvinduna með því að skoða hvort sagan sé í nútíð eða þátíð, eintöl, fleirtölu o.s.frv.
leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma, og fara í orðaleiki.	leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma, og fara í orðaleiki.	nýtt orðaforða sinn til að skapa ný orð og orðasambönd og notað þau í texta.	leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma, og fara í orðaleiki.	Kynna nýyrði, slanguryrði, orðaleiki o.s.frv.	Láta þau leika sér að orðum og spreyta sig á að búa til nýyrði og orðaleiki.
gerir sér grein fyrir markmiði þess að læra íslenska málfræði.	gerir sér grein fyrir markmiði þess að læra íslenska málfræði.	gert sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði, m.a. við ritun og stafsetningu.	gerir sér grein fyrir markmiði þess að læra íslenska málfræði.	Kennarinn haldi lofræður um gildi málfræði. ☺	

Málfræði	Kennslubækur og námsgögn
5. bekkur	Málrækt 1, Skinna, verkefnabók 2, Lærum gott mál 1. Og 2. hefti.
6. bekkur	Málrækt 2, Skræða 1 og 2, valin verkefni úr Vanda málið heildstætt námsefni í íslensku frá Skólavefnum.
7. bekkur	Málrækt 3, Skrudda 1 og 2, Fallorð, Orðhákur 1. Valin verkefni úr Vanda málið, heildstætt námsefni í íslensku frá Skólavefnum.